

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 539/2003,  
fyrir Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem einstaklingum: einum tilnefndum af afkomendum Guðmundar J. Sigurðssonar og Estífu Björnsdóttur, stofnenda Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar, einum tilnefndum af stjórn Byggðasafns Vestfjarða og forstöðumanni Byggðasafns Vestfjarða.

Segi stjórnamaður sig úr stjórn eða forfallast af öðrum sökum, skal tilnefna annan fyrir hann samkvæmt framansögðu. Segi stjórnamaður sig úr stjórn sem tilnefndur var af stofnendum Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar, skal hann tilnefna annan fyrir sig. Falli stjórnamaður tilnefndur af stofnendum Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar frá tilnefnir lögerfingi hans annan stjórnamann.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti. Sitji einn hjá og atkvæði falla jöfn, skal varpa hlutkesti.

Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-skrá.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 27. febrúar 2014,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2014